

Byggingarfulltrúi Þingeyinga  
Gaukur Hjartarson  
Ketilsbraut 7-9  
640 Húsavík

Umhverfisstofnun
Áb. _____
<b>06 JULI 2009</b>
<i>54.23</i>
Tilv.



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 29. júní 2009  
Tilvísun: UST20090600143/mik

### Tillaga að deiliskipulagi á jörðinni Einarsstaðir 2.

Vísað er til auglýsingar um skipulag í Þingeyjarsveit er birt var í Lögbirtingarblaði nr 37/2009.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi á jörðinni Einarsstaðir 2, en í tillögumni gert ráð fyrir gistihúsi, gistiaðstöðu í smáhýsum, þjónustuhúsi, íbúðarhúsi ásamt þyrlupalli.

Umhverfisstofnun gerir athugasemd við að ofangreind deiliskipulagstillaga var ekki send stofnuninni til umsagnar þar sem gert er ráð fyrir þyrlupalli í deiliskipulagstillögumni og deiliskipulagssvæði er inni á vatnsverndarsvæði Mývatns og Laxár.

Umhverfisstofnun gerir athugasemd við að ekki er gert ráð fyrir aðkomu að áætluðum þyrlupalli. Einnig gerir stofnunin athugasemd við að ekki er gert ráð fyrir öryggissvæði í kringum þyrlupallinn.

Að mati Umhverfisstofnunar skortir nánari lýsingu á uppbyggingu og gerð yfirborðs áætlaðs þyrlupalls.

Ekki er gert ráð fyrir lögbundinni aðstöðu við þyrlupallinn samkvæmt reglugerð um flugvelli nr. 464/2007.

Umhverfisstofnun gerir einnig athugasemd við að engar áætlanir um mengunarvarnir fylgja skipulaginu.

Umhverfisstofnun gerir athugasemd við að deiliskipulagstillagan fór ekki í grenndarkynningu.

Virðingarfyllst

*Bergþóra Kristjánsdóttir*

Bergþóra Kristjánsdóttir